



Skólaliði sem sinnir þrifum, gæslu og aðstoð í mötuneyti

Óskað er eftir barngóðri, áreiðanlegri og metnaðarfullri manneskju í 100% starf. Starfið felur í sér aðstoð í mötuneyti, styðja við nemendur í matsal, frímínútum, á göngum og skólalóð auk þess að halda skólahúsnæðinu hreinu. Jafnframt getur til fallið önnur gæsla og tilfallandi stuðningur eftir þörfum.

Helstu verkefni

- Aðstoða nemendur í leik og starfi og leiðbeina þeim í umgengni og samskiptum.
- Stuðla að velferð nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk skólans.
- Sinna gæslu hvar og hvenær sem þörf er á.
- Sjá um dagleg þrif skólahúsnæðis og innkaup á ræstivörum.
- Aðstoða í mötuneyti og matsal.
- Taka þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer innan skólans í anda stefnunnar um jákvæðan aga.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Áhugi á að starfa með börnum og ungmennum.
- Reynsla af starfi í mötuneyti er kostur.
- Mikil áhersla er á lipurð og færni í samskiptum við börn og fullorðna.
- Stundvísi, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Sveigjanleiki og jákvæðni.
- Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Ráðið verður í starfið frá 1. ágúst 2026. Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2026 og óskað verður eftir meðmælum.

Umsókn og ferilskrá sendist á skólastjóra á netfangið **annarosa@thelamork.is**.

Nánari upplýsingar um þelamerkurskóla má finna á www.thelamork.is. Frekari upplýsingar veitir Anna Rósa Friðriksdóttir, skólastjóri, í síma 460-1770 eða á annarosa@thelamork.is.